

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 – 1989

21. febrúar 1989

169

Nr. 63

REGLUGERÐ

um bann við veiðum út af Þjórsárósum.

1. gr.

Frá og með 25. febrúar 1989 eru allar tog- og dragnótaveiðar bannaðar fyrir Suðurlandi á svæði, sem að vestan takmarkast af 21°22'V og að austan af línu, sem dregin er til lands úr austurbrún Ystakletts í Vestmannaeyjum um Faxaskersvíta. Að sunnan markast svæðið af línu sem dregin er fjórar sjómílar utan við viðmiðunarlínu sbr. 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. febrúar 1989.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

10. febrúar 1989

Nr. 64

REGLUGERÐ

um bann við innflutningi og sölu úðabrusa sem innihalda tiltekin drifefni (ósoneyðandi efni).

1. gr.

Almenn ákvæði.

Innflutningur og sala úðabrusa, sem innihalda klórflúorkolefnissambönd sem drifefni er bannaður með þeim undantekningum, er greinir í 2. og 3. gr. reglugerðar þessarar.

Með kórflúorkolefnissamböndum er átt við efnasambönd, sem innihalda einungis klór, flúor og kolefni (dæmi: CFCl_3 (CFC-11), CF_2Cl_2 (CFC-12), $\text{C}_2\text{F}_3\text{Cl}_3$ (CFC-113), $\text{C}_2\text{F}_4\text{Cl}_2$ (CFC-114) eða $\text{C}_2\text{F}_5\text{Cl}$ (CFC-115)).

Ráðuneytinu er heimilt að kveða svo á um, að ákvæði 1. mgr. taki einnig til skyldra efna, sem auk klórs, flúors og kolefnis, innihalda vetni eða bróm (dæmi: CHClF_2 , CClBrF_2).

B 14